

REGLUGERÐ

um veiðar á skollakopp (ígulkerum).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Almennt um veiðar á skollakopp (ígulkerum).

Allar veiðar á skollakopp (ígulkerum) í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema skipum sem hafa aflamark í skollakopp (ígulkerum), sbr. ákvæði laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eða hafa sérveiðileyfi frá Fiskistofu, sbr. ákvæði laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Veiðarfæri og veiðisvæði.

Aðeins er heimilt að veiða skollakopp (ígulker) með einum plógi á hverju skipi samtímis og skal breidd plógs ekki vera meiri en 2,5 m og hámarksþyngd 700 kg.

Möskvastærð í poka má ekki vera minni en 80 mm (innanmál).

Ekki er heimilt að landa skollakopp (ígulkerum) sem eru undir 45 mm í þvermál. Veiðist ígulker undir þeim stærðarmörkum skal sleppa þeim aftur.

Ekki er heimilt að veiða á fleiri en einu veiðisvæði í hverri veiðiferð.

3. gr.

Vigtun.

Við vigtun og skráningu á skollakopp (ígulkerum) gilda ákvæði reglugerðar nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávar afla. Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði við veiðar, sbr. II. og III. kafla reglugerðarinnar við vigtun afla á hafnarvog.

II. KAFLI

Aflamarksveiðar.

4. gr.

Svæðaskipting veiða.

Skipum sem hafa aflamark í skollakopp (ígulkerum) á eftirfarandi svæðum er heimilt að veiða ígulker á þeim tilteknu svæðum sem aflamarkið er bundið við (fylgiskjal 1):

Svæði A

65°30,00'N – 24°30,00'V

65°35,00'N – 23°30,00'V

65°40,00'N – 21°45,00'V

65°13,00'N – 21°35,00'V

65°13,00'N – 22°40,00'V

64°53,12'N – 22°40,00'V

64°53,12'N – 24°02,45'V

Svæði B

65°13,00'N – 22°40,00'V

65°13,00'N – 22°31,00'V

65°08,00'N – 22°31,00'V

65°04,00'N – 22°25,00'V

65°00,00'N – 22°40,00'V

Svæði C

Hvammfjörður innan línu sem dreginn er milli eftirfarandi hnita:

65°08,00'N – 22°31,00'V

65°04,00'N – 22°25,00'V

III. KAFLI Sérveiðileyfi.

5. gr.

Úthlutun leyfa.

Fiskistofa skal úthluta leyfi til veiða á skollakopp (ígulkerum) að fenginni umsókn, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997. Veiðileyfum skal úthluta á eftirtalin veiðisvæði í Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa og á Austfjörðum, gildir eitt leyfi fyrir öll svæðin.

Leyfi til veiða á skollakopp er bundið við fiskveiðiár.

Skilyrði fyrir útgáfu leyfis til að veiða ígulker er að skip hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni.

Krókaafلامarksbátum sem fá leyfi til að veiða á ígulkerum samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veiða ígulker með plóg.

6. gr.

Leyfilegur heildaraflí fyrir viðkomandi svæði.

Leyfilegur heildaraflí hvers fiskveiðiárs tilgreindur í tonnum fyrir viðkomandi svæði er sem hér segir:

Svæði		Leyfilegur heildaraflí
Í Ísafjarðardjúpi		60
Í Húnaflóa	Í Miðfirði	20
	Í Steingrímsfirði	20
	Í Bitrufirði	20
Á Austfjörðum	A: Austurland norður	25
	B: Austurland mið	30
	C: Austurland suður	40

7. gr.

Svæðaskipting veiða á skollakopp (ígulkerum).

Skipum sem hafa leyfi til veiða á skollakopp (ígulkerum) er heimilt að veiða á þeim tilteknu svæðum sem leyfi er bundið við (fylgiskjöl 2-4):

Í Ísafjarðardjúpi.

Heimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

66°11,47'N - 23°28,19'V

66°21,26'N - 23°11,36'V

66°13,55'N - 22°58,12'V

Í Húnaflóa.

Heimilt er að veiða fyrir vestan við línu dregna beint í norður frá eftirfarandi punkti:

65°40,55'N - 20°42.18'V

Óheimilt er að veiða í Hrútafirði.

Lokun innan Miðfjarðar.

Svæði 1: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

65°27,33'N - 21°03,04'V

65°27,21'N - 21°02,32'V

65°21,49'N - 20°57,46'V

65°21,36'N - 20°58,16'V

Svæði 2: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

65°26,65'N - 20°58,94'V

65°25,29'N - 20°58,21'V

65°25,26'N - 20°58,65'V

65°26.65'N - 20°59,67'V

Á Austfjörðum.

Heimilt er að veiða á eftirfarandi svæðum:

A: Austfirðir norður:

65°15,00'N - 14°15,00'V

65°24,00'N - 14°15,00'V

65°24,00'N - 13°18,00'V

65°15,00'N - 13°18,00'V

B: Austfirðir mið:

65°04,00'N - 14°15,00'V

65°15,00'N - 14°15,00'V

65°15,00'N - 13°18,00'V

65°04,00'N - 13°18,00'V

C: Austfirðir suður:

64°55,00'N - 14°15,00'V

64°04,20'N - 14°15,00'V

65°04,00'N - 13°18,00'V

64°55,00'N - 13°18,00'V

Lokunarsvæði innan Reyðarfjarðar.

Svæði 1: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

65°02,21'N - 14°03,27'V

65°01,84'N - 14°02,27'V

65°02,63'N - 13°59,31'V

65°02,39'N - 13°57,16'V

Svæði 2: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

65°00,53'N - 13°56,59'V

65°00,83'N - 13°56,01'V

64°59,42'N - 13°52,28'V

64°59,03'N - 13°52,99'V

Svæði 3: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

65°02,46'N - 13°53,51'V

65°02,31'N - 13°53,63'V

65°02,12'N - 13°52,82'V

65°02,21'N - 13°52,59'V

Svæði 4: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

65°03,51'N - 13°59,20'V

65°03,41'N - 13°59,31'V

65°03,19'N - 13°59,54'V

65°03,27'N - 13°58,31'V

Svæði 5: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

64°57,91'N - 13°49,28'V

64°57,73'N - 13°49,39'V

64°57,42'N - 13°48,36'V

64°57,95'N - 13°48,17'V

Lokunarsvæði innan Berufjarðar.

Svæði 1: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

64°43,32'N - 14°23,74'V

64°43,30'N - 14°23,22'V

64°42,76'N - 14°23,18'V

64°42,78'N - 14°23,72'V

Svæði 2: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:

64°44,47'N - 14°22,40'V

64°44,42'N - 14°22,62'V

64°43,88'N - 14°22,58'V

64°43,88'N - 14°22,36'V

8. gr.

Stjórn veiða og eftirlit.

Fiskistofa annast eftirlit með veiðunum og skal tryggja að veiðar á hverju veiðisvæði séu ekki skaðlegar og í samræmi við varúðarsjónarmið. Fiskistofa skal loka svæðum fyrir veiðum þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla fyrir hvert svæði verði náð.

IV. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

9. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, IV. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 5., 6., 8. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2., 6., 8. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 765/2020 um veiðar á ígulkerum.


Atvinnuvegaráðuneytinu, 27. ágúst 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Skúli Kristinn Skúlason.


Fylgiskjal 1.

Veiðisvæði í Breiðafirði.




Fylgiskjal 2.

Veiðisvæði í Ísafjarðardjúpi.



Fylgiskjal 3.

Veiðisvæði í Húnaflóa.



Fylgiskjal 4.

Veiðisvæði á Austfjörðum.

